

5. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2018
haldinn í utanríkisráðuneytinu mánudaginn 17. september 2018 kl. 11:15-12:30

Fundargerð

Mættir:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Helgi Hrafn Gunnarsson – Píratar
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin – grænt framboð
Atli Viðar Thorstensen – Rauði krossinn á Íslandi
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst
Erna Reynisdóttir – Barnaheill
Silja Dögg Gunnarsdóttir – Framsóknarflokkur
Birgir Þórarinsson - Miðflokkur
Logi Einarsson – Samfylkingin
Tumi Tómasson - Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Guðlaugur Þór Þórðarson (utanríkisráðherra), Diljá Mist Einarsdóttir (aðstoðarmaður ráðherra), María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri), Erla Hlín Hjálmarsdóttir (sérfræðingur) og Sara Ögmundsdóttir (sérfræðingur).

Ólafur Ísleifsson (Flokkur fólksins), Bjarni Gíslason (Hjálparstarf kirkjunnar), Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands) og Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn) tilkynntu forföll. Áslaug Arna Sveinbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokkur) var fjarverandi.

Ragnar Gunnarsson vék af fundi 12:18.

Nefndarritari:
Kristjana Sigurbjörnsdóttir

14. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar, sérstaklega utanríkisráðherra, Guðlaug Þór Þórðarson, á sinn fyrsta fund á árinu með þróunarsamvinnunefnd. Hann fundaði með nefndinn til að hlýða á umsögn nefndarinnar um drög að tillögu til þingsályktunar um nýja þróunarsamvinnustefnu og eiga viðræður við nefndina um hana.

2. Utanríkisráðherra fundar með nefndinni

Ráðherra byrjaði á því að þakka nefnd fyrir fyrri umsögn frá 2016, sem olli því að ný áhersluatriði voru tekin inn í stefnuna. Ráðherra benti á að vinna við drög að nýrri þróunarsamvinnustefnu hafi tafist þar sem rétt þótti að taka mið að fjármálaætlun ríkisstjórnarinnar fyrir 2019-2023, og í öðru lagi að taka tillit til tilmæla sem komu úr jafningjarýni OECD við þróunarsamvinnu Íslands en einnig tilmæla sem er að finna í skýrslunni „Utanríkisþjónusta til framtíðar“. Ráðherra gerði grein fyrir því samráðsferli sem farið var í til að hvetja almenning og haghafa almennt til að senda inn athugasemdir í gegnum samráðsgátt stjórnarráðsins. Þó að ekki sé gerð krafa um að setja tillöguna á samráðsgáttina, leit ráðherra svo á að þróunarsamvinna komi öllum við og að þessi framgangsmáti sé liður í því að hvetja almenning til að kynna sér þróunarsamvinnumál.

Hann greindi frá því að innsendar umsagnir hafi verið tvær og að hann hafi ákveðið að taka tillit til þeirra í stefnuskjali og sömuleiðis eftir ítarlegt samtal við Dani og Norðmenn, sem tengja samstarf við aðila atvinnulífs við Heimsmarkmið 8. Því hefur undirmarkmiði verið bætt við þróunarmarkmið númer tvö sem tengist Heimsmarkmiði 8 um sjálfbæran hagvöxt og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla. Ástæðan fyrir nýju undirmarkmiði er vilji til að vinna nánar með atvinnulífinu og virkja þeirra kraft og sérþekkingu til atvinnusköpunar og hagvaxtar, og þar með styðja við sjálfbæra uppbyggingu í þróunarlöndum. Að lokum bauð ráðherra nefnd að kynna umsögn sína um drög að nýrri þróunarsamvinnustefnu sem lögð verður fram á haustþingi.

3. Umsögn nefndar um uppfærða tillögu til þingsályktunar um nýja þróunarsamvinnustefnu og umræður

Nefndin kynnti drög sín að umsögninni. Þar kom m.a. fram að nefndin fagnaði því að stefnudrög hafi farið í samráðsferli. Ánægja var með stefnuskjalið í heild sinni auk þess sem aðgerðaáætlunin gæfi gott yfirlit yfir framkvæmd stefnunnar. Auk þess kom fram það álit nefndarinnar að fjárframlög til þróunarsamvinnu væru ekki nægilega metnaðarfull þar sem Ísland hefði stutt 0,7% markmiðið lengi. Nefndin taldi að aukin tengsl við atvinnulífið séu af hinu góða að því gefnu að viðskipti séu sanngjörn og heiðarleg og að þau fari fram á forsendum viðtakanda. Þannig væri hægt að hvetja atvinnulífið til samfélagslegrar ábyrgðar. Einnig að tekið sé tillit til alþjóðlegra samþykka, m.a. hvað varðar barnaþrælkun. Nefndin lét koma fram þá skoðun að ekki ætti að ganga á framlög til þróunarsamvinnu vegna þess kostnaðar innanlands sem tengdist komu flóttamanna og hælisleitenda.

Í máli ráðherra kom m.a. fram að árangursmarkmið væru mikilvæg þannig að hægt væri að útskýra hvernig árangur næst. Hann benti á að gott væri að skoða hvernig Norðurlöndin vinna. UTN væri að fá fínar úttektir í sinni þróunarsamvinnu og ráðuneytið vilji koma þessari vinnu á framfæri og deila upplýsingum með almenningi.

Skrifstofustjóri ÞSS bætti við að hin nýja stefna væri nokkuð breytt og aðgerðaáætlunin einnig. Starfið snúist um að ná árangri og nota markmið og vísa til að varða veginn sem er orðið almennt verklag í þróunarsamvinnu. Hún sagði einnig aðspurð að tekið sé tillit til Heimsmarkmiðanna í nýrri stefnu og auk þess sé unnið eftir reglum DAC um árangursvísa. Í aðgerðaáætlun kemur fram til hvaða Heimsmarkmiða er verið að vísa og tilheyrandi undirmarkmið.

Í umræðum um kostnað sem hlýst af komu hælisleitenda og flóttafólks til landsins og sem er hluti af framlögum til þróunarsamvinnu, kom fram í máli ráðherra að UTN fari að nýlegum tilmælum DAC um hvernig skuli telja fram aðstoð og kostnað í þessum málaflokki. Ráðherra þakkaði fyrir góðar ábendingar og var honum þakkað fyrir fundinn.

Umræða hélt áfram um þetta tiltekna mál. Skrifstofustjóri ÞSS sagði UTN vera að læra í þessum efnun en von sé á sérfræðingum Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) um miðjan nóvember þar sem útskýrt verður hvernig reglurnar eru hugsaðar. Nefndin fær kynningu á framlögum frá rekstrar- og þjónustuskrifstofu utanríkisráðuneytisins fljótlega.

Skrifstofustjórinn benti einnig á að í samræmi við ný lög um opinber fjármál sé ráðuneytið bundið af fjármálaáætlun, sem segir til um stefnu stjórnvalda fimm ár fram í tímann.

Síðan gerði sérfræðingur ÞSS stuttlegra grein fyrir umsögnum sem bárust ráðuneytinu sem varða breytingar á stefnuskjalinu og aðgerðaáætluninni.

Ákveðið var að halda áfram vinnu við umsögn nefndarinnar á milli funda og reyna að ljúka þeirri vinnu á næsta fundi.

4. Önnur mál

- a. Umfjöllun nefndarinnar um jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC)

Stutt umræða fór fram um umsögn nefndarinnar um jafningjarýni DAC, sem er óunnið af hálfu nefndarinnar. Ákveðið að reyna að ljúka þeirri vinnu svo fljótt sem auðið er.

b. Næsti fundur þróunarsamvinnunefndar

Greint var frá því að fulltrúum þróunarsamvinnunefndar yrði boðið á aukafund föstudaginn 21. september í tengslum við framlög til þróunarsamvinnu 2019 í kjölfar frumvarps til fjárlaga þar sem fjármál þróunarsamvinnu væru kynnt nefnd.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 12:38